

FRÆÐSLURÁÐ REYKJANESUMDÆMIS

Alþingi

Erindi nr. B/118 / 552

komudagur 16 / 12 1994

Garðabæ, 12. desember 1994

Menntamálanefnd Alþingis
Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður
Alþingishúsinu
Reykjavík.

Á fundi fræðsluráðs Reykjanesumdæmis hinn 8. desember 1994 var samþykkt samhljóða eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla:

"Fræðsluráð Reykjanesumdæmis telur rétt að fela sveitarfélögum allan rekstur grunnskóla. Fræðsluráð tekur undir eftirfarandi fyrirvara Sambands íslenskra sveitarfélaga sem samþykktir voru á XV. landsþingi sambandsins nú í haust:


- 1. Að fullt samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga varðandi flutning verkefna og tekjustofna til sveitarfélaganna, til að standa undir öllum þeim aukna kostnaði er yfirtökunni fylgir þannig, að grunnskólanám allra barna í landinu verði tryggt.*
- 2. Vanda sveitarfélaga sem yfirtaka hlutfallslega háan grunnskólakostnað verði mætt með jöfnunaraðgerðum.*
- 3. Að fullt samkomulag náist milli ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga kennara um kjara- og réttindamál kennara þ.m.t. meðferð lífeyrisréttinda.*

Fræðsluráðið gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en bendir á eftirfarandi atriði:

- 1. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélögin annist það verkefni að reka sérskóla og sérdeildir fyrir fatlaða nemendur og útvegum sérfræðipjónustu fyrir þá. Fræðsluráð telur mikilvægt að þessi þjónusta verði tryggð áfram.*
- 2. Fræðsluráð telur nauðsynlegt að kennslumagn hvers skóla verði við það miðað að ekki verði fleiri nemendur í hverri bekkjardeild en 22 nemendur í 1. - 3. bekk og 28 nemendur í 4. - 10. bekk.*
- 3. Að lokum leggur fræðsluráð áherslu á að öllum undirbúningi verði hraðað svo sem kostur er."*

Þetta tilkynnist hér með.

F. h. fræðsluráðs,





FRÆÐSLUSTJÓRI REYKJANESUMDÆMIS

LYNGÁSI 11 - 210 GARÐABÆ - Sími 91-658011 - FAX 91-651037

Garðabæ, 12. desember 1994

Menntamálanefnd Alþingis
Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður
Alþingishúsinu
Reykjavík.

Vísað er til bréfs menntamálanefndar frá 10. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um grunnskóla.

Undirritaður er sammála meginsefnu frumvarpsins um að fela sveitarfélögum ábyrgð á kennslu og skólahaldi grunnskóla og að fela þeim allan rekstur og rekstrarábyrgð á þessu viðfangsefni.

Undirritaður leggur áherslu á að við þennan flutning verði sem minnst röskun á skólahaldinu og þeirri stuðningsþjónustu sem skólarnir hafa notið frá fræðsluskrifstofunum, sem verða lagðar niður skv. frumvarpinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélög taki við þeim verkefnum sem fræðsluskrifstofur annast nú. Undirritaður telur nauðsynlegt að þessi viðfangsefni verði skilgreind nánar en gert er í frumvarpinu, t.d. með eftirfarandi upptalningu:

Sveitarfélögum er skylt að annast eftirfarandi:

- *Umsjón og eftirlit með framkvæmd laga um grunnskóla.*
- *Umsjón með að nemendur njóti þjónustu samkvæmt lögum.*
- *Forgangu um umbætur í skólamálum.*
- *Eftirlit og umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólastarfs.*
- *Áætlanagerð og eftirlit með námi og kennslu.*
- *Skólaþróun og nýbreytnistarf.*
- *Endur- og símenntun kennara (í samráði við skóla sem veita kennaramenntun).*
- *Úrskurði í ágreiningsmálum.*
- *Starfrækslu kennslugagnamiðstöðvar.*
- *Sérfræðilega ráðgjöf um stofnun og starfrækslu skólasafna.*
- *Kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu.*

Til glöggvunar sendist hjálagað yfirlit um hvernig framangreind viðfangsefni voru leyst á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis skólaárið 1993/94.

Þá sendist einnig hjálagað það skipurit sem fræðsluskrifstofur hafa unnið eftir frá árinu 1991.

FRÆÐSLUSTJÓRI - FRÆÐSLUSKRIFSTOFA.

STAÐA OG HLUTVERK

Fræðslustjóri er embættismaður ríkisins. Fræðsluskrifstofa er embættisskrifstofa fræðslustjóra. Störf embættisins eru unnin af fræðslustjóra og starfsmönnum fræðsluskrifstofu í umboði hans. Ákvæði um störf fræðslustjóra eru í lögum nr. 49/1991 um grunnskóla og í reglugerð nr. 57/1990 um störf fræðslustjóra.

VIÐFANGSEFNI

Fræðslustjóri hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga um grunnskóla og sér til þess að nemendur njóti kennslu og þjónustu samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum menntamálaráðuneytis. Hann hefur forgöngu um skólaþróun og umbætur í skólumálum, annast eftirlit og hefur umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólustarfs í sínu umdæmi. Hann hefur með höndum almenna námstjórn og fylgist með öllum rekstri skólanna og að þeir starfi tilskilinn tíma. Fræðslustjóri úrskurðar ágreiningsefni sem upp kunna að koma í skólustarfi og rekstri skóla og hefur umsjón með og skipuleggur þá faglegu þjónustu sem fræðsluskrifstofa á að annast lögum samkvæmt. Auk embættisstarfa getur fræðslustjóri farið með framkvæmdastjórn fyrir fræðsluráð, sé svo um samið milli fræðsluráðs og fræðslustjóra.

SKIPURIT FRÆÐSLUSKRIFSTOFU

Fræðsluskrifstofa starfar sem ein heild. Til hagræðingar er skrifstofunni skipt í þrjár deildir, þ.e. kennsludeild, rekstrardeild og sálfræðideild. Hver deild hefur sitt meginverkefni, en starfsmenn deilda vinna saman að málum eftir því sem tilefni er til hverju sinni og fræðslustjóri ákveður.

FRÆÐSLUSTJÓRI		
KENNSLUDEILD	REKSTRARDEILD	SÁLFRÆÐIDEILD
Forstöðumaður	Forstöðumaður	Forstöðumaður
Aðstoðarmaður	Aðstoðarmaður	Félagsráðgjafi
Kennslufulltrúi	Rekstrarfulltrúi	Sérkennari
Kennsluráðgjafi	Skrifstofumaður	Skólasálfræðingur
Sérkennslufulltrúi		
Skólasafnafulltrúi		

(Ekki er miðað við að ráðið verði í öll þessi starfsheiti á öllum fræðsluskrifstofunum. Hér er einungis um að ræða staðsetningu á starfsheitum innan skipuritsins.)

Viðfangsefni kennsludeildar eru einkum kennsluráðgjöf í almennri kennslu og sérkennslu, aðstoð við námskrárgerð og skipulag kennslu, fagleg umsjón með þróunarstarfi í skólum umdæmsins, vinna á sviði endur- og símenntunar kennara, sérfræðileg ráðgjöf og þjónusta við stofnun og starfrækslu skólasafna og umsjón kennslugagnamiðstöðvar.

Viðfangsefni rekstrardeildar eru einkum eftirlit með notkun kennslumagns í skólum umdæmisins, öflun upplýsinga um húsnæðis-, búnaðar- og rekstrarmál skóla og að fylgist með framkvæmd fjárlaga. Deildin hefur umsjón með öllum kennararáðningum og sér um afgreiðslu á vinnuskýrslum og launamálum kennara. Auk þess hefur deildin umsjón með fjárreiðum, bókahaldi og skjalavörslu skrifstofunnar.

Viðfangsefni sálfræðideildar eru einkum athugun á þeim nemendum sem nýtast ekki hæfileikar sínir í námi og starfi, leiðbeiningar við foreldra og starfsmenn skóla um uppeldi þessara nemenda, sálfræðileg greining þeirra nemenda sem þess þurfa með, tilvísun á viðeigandi meðferð, vinna við rannsóknir og forvarnar og stuðla að því að sálfræðileg þekking nýtist í skólustarfi.

Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis 1993/94

Hér á eftir eru talin þau verkefni fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu sem bundin eru í lögum nr. 49/1991 um grunnskóla, (sbr. 15., 16., 58., 59., og 60. gr.) og rakið hvernig þessi verkefni voru unnin skólaárið 1993/94. (Allar tölur miðaðar við 1. mars 1994).

Hlutverk samkvæmt lögum

- *Umsjón og eftirlit með framkvæmd laga um grunnskóla.*
- *Umsjón með að nemendur njóti þjónustu samkvæmt lögum.*
- *Forganga um umbætur í skólamálum.*
- *Eftirlit og umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólastarfs.*
- *Áætlanagerð og eftirlit með námi og kennslu.*
- *Skólaþróun og nýbreytnistarf.*
- *Endur- og símenntun kennara (í samráði við skóla sem veita kennaramenntun).*
- *Úrskurður í ágreiningsmálum.*
- *Starfræksla kennslugagnamiðstöðvar.*
- *Sérfræðileg ráðgjöf um stofnun og starfrækslu skólasafna.*
- *Kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónusta.*

Yfirlit um framkvæmd einstakra lagaákvæða

Lagaákvæði

- *Umsjón og eftirlit með framkvæmd laga um grunnskóla.*
- *Umsjón með að nemendur njóti þjónustu samkvæmt lögum.*
- *Eftirlit og umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólastarfs.*
- *Áætlanagerð og eftirlit með námi og kennslu.*
- *Úrskurður í ágreiningsmálum.*

Framkvæmd

Unnið er með skólunum að gerð starfsáætlunar og fylgst með framkvæmd hennar, m.a. með því að heimsækja skólana, athuga aðbúnað og skipulag kennslu, veita stjórnunarlega, kennslufræðilega og sálfræðilega ráðgjöf, sinna kvörtunum og beiðnum um aðstoð.

Hér fer á eftir nánari lýsing á því hvernig þetta er framkvæmt:

Áætlun og undirbúningur

Starfsáætlun skóla

Undirbúningur að starfsáætlun skóla fyrir komandi skólaár hefst í febrúar. Fyrir miðjan mars gerir fræðslustjóri áætlun um nemenda- og deildafjölda, fjölda kennslustunda (í hverri námsgrein og í hverjum bekk) hvers skóla í umdæminu og sendir skólunum ásamt eyðublaði fyrir starfsáætlun skólans.

Í starfsáætlun skóla skal gera grein fyrir skóladögum, kennslu- og prófdögum, foreldradögum, skíðaferðum og öðrum starfsdögum ásamt áætlun skólans um kennslustundafjölda í hverri grein og í hverjum bekk.

Í byrjun apríl senda skólastjórar starfsáætlun skóla til fræðslustjóra ásamt yfirliti um valgreinar og greinargerð um sérkennsluþörf.

Fræðslustjóri metur þessar áætlanir, gerir á þeim nauðsynlegar breytingar í samráði við viðkomandi skólastjóra. Sérkennsluþörf er metin í samráði við sérfræðinga á fræðsluskrifstofu og gengið frá sérkennsluáætlun í samráði við viðkomandi skólastjóra. Að því búnu staðfestir fræðslustjóri starfsáætlun skóla með fyrirvara um fjárveitingar í fjárlögum og sendir skólunum. Ef vel gengur er þessu lokið fyrir miðjan maí.

Staðfesting á starfsáætlunum skóla felur í sér heimilaðan deilda- og kennslustundafjölda. Auk fjármuna sem ríkissjóður leggur til kennslu í almennum bekkjardeildum fær fræðsluumdæmið ákveðna fjárhæð til sérkennslu o.fl. Þessi fjárveiting er miðuð við ákveðinn stundafjölda sem fræðsluskrifstofan fær til ráðstöfunar (um 2.750 kennslustundir á viku skólaárið 1993/94). Þessar stundir eru notaðar til sérkennslu, til að fjölga bekkjardeildum og til að mæta sérstökum vandamálum einstakra nemenda.

Kennararáðningar

Samhliða áætlanagerðinni er metin kennarapörf hvers skóla með hliðsjón af því kennslumagni sem skólinn hefur til ráðstöfunar.

Fræðslustjóri auglýsir lausar stöður strax og fjöldi þeirra liggur fyrir.

Skólastjórar ganga frá kennararáðningum og staðfestir fræðslustjóri ráðningarnar.

Eftirlit með skólahaldi

Kennslumagn

Í byrjun skólaárs skila skólarnir vinnuskýrslum kennara til fræðsluskrifstofu ásamt yfirliti um hvernig kennsla einstakra kennara skiptist á deildir og námsgreinar. Farið er yfir vinnuskýrslurnar með hliðsjón af starfsáætlun skólans þar sem þess er gætt að ekki sé farið út fyrir þær heimildir sem fræðslustjóri hafði samþykkt. Vinnuskýrslur kennara eru ennfremur grundvöllur launaafgreiðslu sem fræðsluskrifstofan annast í samvinnu við Starfsmannaskrifstofu fjármála- ráðuneytisins.

Önnur störf

Í byrjun skólaárs skila skólarnir ennfremur öðrum gögnum varðandi skólahaldið eins og samningum við árganga- og/eða fagstjóra, samningum við starfsmenn á skólasafni og við aðra lausráðna starfsmenn sem heimilað hefur verið að ráða. Fræðslustjóri staðfestir þessi gögn sem síðan eru notuð við afgreiðslu á launagreiðslum.

Stundaskrár bekkjardeilda

Stundaskrár bekkjardeilda eru innkallaðar um leið og vinnuskýrslur og bornar saman við starfsáætlun og vinnuskýrslur.

Skólaheimsóknir

Starfsmaður fræðsluskrifstofu heimsækir alla skóla í umdæminu a.m.k. einu sinni á ári til þess að kynna sér skólahaldið, kanna hvernig staðið er að kennslu þeirra námsgreina sem ekki hafa fasta tíma á stundaskrá og kynna sér aðstöðu og aðbúnað.

Skýrsluskil til fræðsluskrifstofu

Þeir kennarar sem annast sérkennslu skila sérstökum áætlunum um kennsluna eins oft og þurfa þykir. Árganga- og/eða fagstjórar skila skýrslum um störf sín í lok verktímabils. Skólastjórar gera grein fyrir valgreinum.

Einstaklingsmál nemenda

Ríkt er gengið eftir því að skólar geri fræðsluskrifstofu grein fyrir málum einstakra nemenda þegar eitthvað fer úrskeiðis. Skylt er að tilkynna fræðslustjóra ef nemendum er vísað úr skóla um stundarsakir fyrir brot á skólareglum. Slík mál eru alltaf rædd við viðkomandi skólastjóra og einnig við foreldra (aðstandendur) ef tilefni þykir til. Í flestum tilvikum veita starfsmenn fræðsluskrifstofu ráðgjöf og fyrirgreiðslu til þess að ná fram viðunandi lausn, t.d. með því að koma nemanda í annan skóla, setja á stofn sérstakt kennslu- eða stuðningsúræði, skipta bekkjardeild o.s. frv.

Einstaklingsmál kennara

Fræðsluskrifstofan hefur afskipti af ýmsum málum sem snerta kennara. Slík mál berast frá foreldrum, kennurum, skólastjórum og öðrum aðilum.

Kennsluhúsnæði

Fræðsluskrifstofan hefur tekið út allt skólahúsnæði í umdæminu og er þeirri úttekt haldið við eftir því sem tæk eru á. Fræðslustjóri hefur veitt þeim sveitarfélögum sem þess óska ráðgjöf á þessu sviði og látið í té mat á húsnæðisþörf þegar þess er óskað.

Lagaákvæði

- *Forganga um umbætur í skólamálum.*
- *Skólaþróun og nýbreytnistarf.*
- *Endur- og símenntun kennara (í samráði við skóla sem veita kennaramenntun).*

Framkvæmd

Leitast er við að efla skólana sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í starfinu. Sérkennsla hefur verið eflað innan skólanna m.a. með því að beina þeim eindregnu tilmælum til skólastjóra um að nýta hluta af árganga- og fagstjórnarkvóta skólans til umsjónar með sérkennslu og krefjast ítarlegra skýrslna á þessu sviði.

Stutt er við þróunarverkefni skólanna eftir föngum. Fræðsluskrifstofan fylgist með þeim þróunarverkefnum sem styrkt eru af Þróunarsjóði grunnskóla, hefur umsjón með og annast greiðslur til viðkomandi aðila fyrir sjóðinn.

Þá hefur fræðsluskrifstofan staðið fyrir fjölmörgum námskeiðum fyrir kennara í umdæminu í samvinnu við KHÍ.

Námskeið og fræðslufundir frá hausti 1993 til 1. mars 1994

Lengri námskeið - allt að 80 tímar

Námskeið fyrir árganga- og fagstjóra með	51 þátt.
Lestrarkennslunámskeið (fyrir kennara í 1. bekk)	35 "

Styttri námskeið með föstum dagsetningum

25 námskeið og fræðslufundir	632 "
------------------------------	-------

Fræðslufundir sem skólar geta pantað

14 gerðir funda (sumir haldnir oft en einu sinni)	246 "
---	-------

Samtals 27 námskeið og um 25 fræðslufundir með alls 964 þátttakendum, en fjöldi einstaklinga við kennslu í umdæminu er rösklega 720.

Skólaárin 1987/88 og 1988/89 stóð Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands fyrir starfsleikninámskeiði í sex skólum með þátttöku um 70 kennara. Þá var haldið sams konar námskeið á vegum sömu aðila skólaárin 1989/90 og 1990/92 fyrir 3 skóla með um 65 þátttakendum. Þessi starfsleikninámskeið voru mjög viðamikil og skiptist hvort námskeið í fjóra námshluta og var hver námshluti metinn til þriggja háskólaeininga, eða samtals 12 háskólaeiningar fyrir hvort námskeið.

Vinna á sviði endur- og símenntunar kennara er eitt mikilvægasta skólaþróunarhlutverk fræðsluskrifstofu. Leitast er við að kanna þörfina á þessu sviði í umdæminu og skipuleggja námstilboð til að svara þessari þörf eftir því sem unnt er.

Lagaákvæði

- *Starfræksla kennslugagnamiðstöðvar.*
- *Sérfræðileg ráðgjöf um stofnun og starfrækslu skólasafna.*

Framkvæmd

Kennslugagnamiðstöð

Kennslugagnamiðstöð hefur verið starfrækt á fræðsluskrifstofunni síðan 1982. Safnað var heimatilbúnu kennsluefni úr skólunum sem síðan var lagfært og endurbætt. Í byrjun lögð áhersla á kennslugögn í sérkennslu, lestrarkennslu fyrir yngri börn og í íslenskukennslu fyrir unglinga. Kennslugagnamiðstöðin hefur verið eflað og aukið á hverju ári og hefur nú á að skipa góðu safni af ýmsu ítarefni ásamt öllum þeim námsgögnum sem Námsgagnastofnun gefur út, þ.m.t. myndbönd sem lánuð eru út í skólana.

Skólasafnamiðstöð

Skólasafnamiðstöð hefur verið starfrækt á fræðsluskrifstofunni frá árinu 1987 og veitir hún sérfræðilega ráðgjöf við stofnun og starfrækslu skólasafna. Ennfremur er þar gengið frá bókum og öðrum safnkosti fyrir skólasöfn. Bækur eru tölvuskráðar, plastaðar og merktar á kostnaðarverði. Í sumum tilvikum hefur miðstöðin tekið að sér innkaup og frágang bóka fyrir nýstofnsetta skóla þannig að skólasafn væri þar tilbúið til notkunar strax og skólinn tekur til starfa.

Lagaákvæði

- **Kennsluráðgjöf og sálfræðipjónusta.**

Tilgangur kennsluráðgjafar

Að leiðbeina kennurum í almennri kennslu og sérkennslu.

Tilgangur sálfræðipjónustu

Að annast athuganir á nemendum sem annað hvort eiga í sálrænum, tilfinningalegum eða öðrum skyldum erfiðleikum og nýtast ekki hæfileikar sínir í námi og starfi.

Að leiðbeina foreldrum og starfsmönnum skóla um uppeldi þessara nemenda.

Að taka til greiningar þá nemendur sem þess þurfa og vísa þeim á viðeigandi meðferð.

Að annast rannsóknir og athuganir á þessu sviði og vinna að forvörnum.

Framkvæmd

Framangreind þjónusta er fyrst og fremst aðstoð og ráðgjöf við kennara og aðra starfsmenn skóla við úrlausnir þeirra mála sem þeir eru að vinna að hverju sinni. Annars vegar eru kennurum og öðrum starfsmönnum skóla veittar almennar leiðbeiningar um meðferð mála og hins vegar er þeim veitt aðstoð og ráðgjöf við lausn einstakra mála. Almenn ráðgjöf og leiðbeiningar eru veittar á fræðslufundum, með heimsóknum í skóla og viðtölum við kennara og aðra starfsmenn. Aðstoð og ráðgjöf varðandi mál einstakra nemenda fer fram með margvíslegum hætti eftir eðli máls. Venjulega sendir viðkomandi skóli beiðni um aðstoð þar sem fram kemur ástæða fyrir beiðninni ásamt upplýsingum um hvað skólinn hefur gert í málinu til þessa. Sérfræðingar (sérkennarar, sérkennslufræðingar og sálfræðingar) fræðsluskrifstofu skipta með sér úrvinnslu mála eftir eðli þeirra.

Frá upphafi skólaárs haustið 1993 fram til 1. mars 1994 bárust skrifstofunni óskir um aðstoð við mál 363 nemenda.

Úrvinnslu þessara mála hefur verið skipt sem hér segir:

Fræðslustjóri	44	(stjórnsýsluleg úrvinnsla)
Kennsludeild	187	(kennslufræðileg úrvinnsla)
Sálfræðideild	132	(sálfræðileg úrvinnsla)

(Auk þess hefur farið fram kennslufræðilegt mat á 760 sérkennsluáætlunum).

Eins og sést af framangreindu krefst mikill meirihluti þeirra einstaklingsmála sem berast kennslufræðilegrar úrvinnslu.

Reykjanesumdæmi

Í umdæminu eru 15 sveitarfélög með 29 grunnskólum sem eru samtals með um 11.400 nemendur og um 720 einstaklinga sem starfa við kennslu.

Mannaflí Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis 01/01/94:

Fræðslustjóri	1,0	
Fstm. kennsludeildar	1,0	(sérkennslufræðingur)*
Fstm. rekstrardeildar	1,0	
Fstm. sálfræðideildar	1,0	(sálfræðingur)*
Kennslufulltrúi	0,6	
Rekstrarfulltrúi	1,0	
Sálfræðingur	3,0	(sálfræðingur)*
Sérkennslufulltrúi	1,0	(sérkennslufræðingur*)
Skólasafnafulltrúi	0,5	
Skrifstofumaður	0,6	
Kennsluráðgjafi	0,5	(sérkennari*)
Ritari	1,0	
<u>Alls</u>	<u>12,2</u>	

Ath. þeir sem merktir eru með * (alls 6,5 stöðugildi) vinna m.a. sem sérfræðingar í einstaklingsmálum nemenda.

Fræðslufundir og námskeið á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis
skólaárið 1993 - 1994 (fram til 1. mars 1994)

Árganga- og fagstjórnarnámskeið	24. - 25. ág.	51	þáttt.
Lestrarnámskeið	30. - 31. ág.	35	"
Námskeið um greind og boðskipti	30. - 31. ág.	27	"
Fræðslufundur f. íþrótt og tónmk.	2. sept.	26	"
Fræðsluf. f. "nýja" kennara	14. sept.	32	"
Fundur fyrir skólastjóra	15. sept.	45	"
Fræðsluf. um tölvur í skólastarfi	21. sept.	22	"
Fræðsluf. fyrir sérkennara	23. sept.	17	"
Árganga- og fagstj. námsk., frh.	12. okt.	53	"
Fræðsluf. f. mynd- og handmk.	19. okt.	40	"
Fundur f. sérkennara	25. okt.	12	"
Fundur f. sérkennara	1. nóv.	12	"
Fræðsluf. fyrir heimilisfrk.	3. nóv.	17	"
Lestrarkennslunámsk., frh.	8. nóv.	17	"
Fundur f. kennara sem kenna nýbúum	16. nóv.	13	"
Árgangafundur, frh.	22. nóv.	7	"
Fundur með skólastjórnendum	24. nóv.	26	"
Fræðsluf. í gerð korta (jólakorta)	24. nóv.	17	"
Fundur fyrir skólasafnsverði	25. nóv.	7	"
Fundur f. umsjónarmenn sérkennslu	7. nóv.	23	"
Bókavalsfundur	10. jan.	16	"
Lestrarkennslunámsk., frh.	18. jan.	36	"
Ótrúleg eru ævintýrin	22. jan.	15	"
Fræðsluf. fyrir tónmenntakennara	26. jan.	5	"
Ótrúleg eru ævintýrin.	29. jan.	24	"
Fundur fyrir "nýja" kennara	3. feb.	20	"
Fræðsluf. fyrir mynd- og handmk.	17. feb.	20	"
Fundur f. kennara sem kenna nýbúum	22. feb.	22	"
Fundur fyrir skólastjórnendur	23. feb.	34	"
Árgangafundur, frh.	24. feb.	13	"
Fræðslufundur fyrir heimilisfrk.	1. mars	14	"
Fjöldi: 31.	Þátttakendur:	718	

Fundatilboð

Samráð, nokkrir fundir haust '93	16	þáttt.
Nemendaverndarráð, nokkrir fundir haust '93	20	"
Bættur bekkjarandi, nokkrir fundir haust '93	30	"
Bættur bekkjarandi, nokkrir fundir haust '93	30	"
Bættur bekkjarandi, nokkrir fundir haust '93	30	"
Byrjendakennsla í lestri	12. okt.	24
Teikniverkefni Tove Krogh	14. okt.	1
Nemendaverndarráðsfundur	4. okt.	6
Nemendaverndarráðsfundur	1. nóv.	6
Hypercard	2. nóv.	2
Gerð skólanámskrár	5. nóv.	42
Bættur bekkjarandi, nokkrir fundir vetur '93/94		30
Lystarstol og lotugræðgi	15. des.	2
Byrjendakennsla í lestri	4. jan.	7
Fundatilboð 14	Þátttakendur :	246